

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 15. janúar 2008, í máli nr. S-2038/2007:

### Ákærvaldið

*(Hulda Elsa Björgvinsdóttir fulltrúi)*

**gegn**

**Helga Sigurgeiri Péturssyni**

*(Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.)*

Ár 2007, þriðjudaginn 15. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni, héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 2038/2007: Ákærvaldið (Hulda Elsa Björgvinsdóttir) gegn Helga Sigurgeiri Péturssyni (Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.), sem tekið var til dóms í sama þinghaldi.

Málið er höfðað með ákæru Ríkissaksóknara, dagsettri 17. desember sl. á hendur ákærða, Helga Sigurgeir Péturssyni, kennitala [...], Eyjabakka 22 Reykjavík, „ fyrir kynferðisbrot:

1. Með því að hafa haft í vörslu sinni, í neðangreindum búnaði sem haldlagður var á heimili á kynferðislegan eða klámfenginn hátt. Myndanna aflaði ákærði sér af netinu og vistaði á neðangreindan búnað.

a) Í silfurlitaðri turntölvu af óþekktri gerð 23.937 ljósmyndir og 750 hreyfimyndir.

b) Í turntölvu af óþekktri gerð 13 ljósmyndir.

c) Í turntölvu af óþekktri gerð 480 ljósmyndir.

2. [...].

3. [...].

4. Með því að hafa 1. og 5. ágúst 2006 reynt að afla sér hreyfimyndar, sem sýnir stúlkubarn á kynferðislegan og klámfenginn hátt, af heimasíðunni [www.youngvideomodels.net](http://www.youngvideomodels.net). Ákærði pantaði myndina með rafrænum hætti á netinu og greiddi fyrir hana með greiðslukorti en myndin komst ekki í hans vörslu.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt 1. – 3. tölulið varða 4. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en samkvæmt 4. tölulið við 4. mgr. 210. gr

hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga, sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000, 2. gr. laga nr. 14/2002 og 2. gr. laga nr. 74/2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga á þremur turntölvum af óþekktri gerð.“

Ákærvaldið hefur með yfirlýsingu í dómi fallið frá ákæruliðum 2 og 3.

### **Málavextir**

Ákærði hefur skýlaust játað það brot sem hann er saksóttur fyrir. Hefur hann orðið sekur um athæfi það sem lýst er í ákærinni og réttilega er þar fært til refsíákvæða. Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsivert brot og hefur leitað sér sálfræðiaðstoðar til þess að vinna bug á hneigðum sínum. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Rétt er að fresta því að framkvæma refsingu þessa og ákveða að hún falli niður að liðnum 3 árum frá dómsuppsögu að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Dæma ber ákærða til þess að þola upptöku á þremur tölvum, eins og krafist er í ákæru og með heimild í því lagaákvæði sem þar er tilfært..

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða verjanda sínum 180.000 krónur í málsvarnarlaun, að meðtöldum virðisaukaskatti.

### **DÓMSORÐ:**

Ákærði, Helgi Sigurgeir Pétursson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Framkvæmd refsingarinnar er frestað og fellur hún niður að liðnum 3 árum haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærði sæti upptöku á þremur turntölvum.

Ákærði greiði verjanda sínum, Guðrúnu Sesselju Arnardóttur héraðsdómslögmanni, 180.000 krónur í málsvarnarlaun.

Pétur Guðgeirsson.